



HRUNAMANNAHREPPUR

45. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 11. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 4. NÓVEMBER 2021

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 4. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Drög að fjárhagsáætlun 2022-2025. (Fyrri umræða)**

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun 2022-2025 og minnisblað um forsendur áætlunarinnar. Þá var lögð fram útkomuspá fyrir árið 2021. Sveitarstjóri fór yfir helstu kennitölur og forsendur fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 2022. **Helstu forsendur eru:** Reiknað er með að tekjur af útsvari hækki um 24 milljónir frá áætlun 2021. Gert er ráð fyrir að framlög úr **jöfnunarsjóði** hækki um 20,2 milljónir frá áætlun 2021. **Fasteignaskattur** er byggður á bráðabirgðaáætlun fyrir árið 2022. Fyrir liggur að almennt hækkar fasteignamat um 8,6%. **Álagningarhlutföll** ársins 2022 vegna fasteignagjalda verða óbreytt frá árinu 2021. Lóðaleiga verði áfram 0,5% af fasteignamati. **Gjaldskrár** hækki almennt um 3% í samræmi við verðlagspá. **Rekstur einstakra málaflokka var yfirfarinn** með hliðsjón af áætlun síðasta árs og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin til. Haft var samráð við forstöðumenn deilda. **Þjónustutekjur** sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirliggjandi tillögum. **Önnur atriði:** Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra. **Eignasjóður – rekstur:** Til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði en til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar. **Eignasjóður, fjármunatekjur og fjármunagjöld:** Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. **Fjárfestingar og lántökur:** Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingum að fjárhæð kr. 209,2 millj., aðallega vegna gatna- og veituf framkvæmda í Garðastíg, frágangs lóðar og stíga við félagsheimili, íþróttahúss/íþróttasvæðis, ljósleiðara, fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 120 millj. vegna þessara fjárfestinga. **Helstu niðurstöður:** Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni (A og B) að fjárhæð kr. 51,4 millj. Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti sveitarstjórn að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum og þau atriði sem þarf að skoða sérstaklega á milli umræðna.

2. **Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2022.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2022. Lagt er til að álagning verði 14,52% sem er sú sama og var á síðasta ári. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

3. **Álagningarhlutfall fasteignaskatta 2022.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarhlutfall fasteignaskatta fyrir árið 2022. Lagt er til að álagningarhlutfall verði óbreytt frá fyrra ári. Álagningarhlutfall 2022 verður því í A-flokki 0,49%, B-flokki 1,32% og í C-flokki 1,32%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

4. **Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2022.**

Oddviti lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2022. Sveitarstjórn samþykkir að laun sveitarstjórnarmanna, annarra en oddvita, verði 7% af þingfararkaupi á mánuði en laun oddvita verði samkvæmt starfssamningi.

- Varamaður í sveitarstjórn fær 3,5% af þingfarakaupi fyrir hvern setinn fund. Að öðru leyti hækka þóknanir fyrir nefndarstörf um 3%.
5. **Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2022.**
Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega þar sem tekjuviðmið hækka um 3% milli ára.
Sveitarstjórn samþykkir afsláttarreglurnar.
 6. **Gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug 2022.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús. Þar er gert ráð fyrir að stök gjöld fullorðinna og barna hækki um 5%, boðið verði sem tilraunaverkefni til eins árs árskort fyrir fullorðna í sundlaug, tækjasal og íþróttasal sem verði kr. 15.500 en önnur gjöld fyrir börn hækki ekki. Aðrar hækkningar eru um 3% nema útseldar vörur úr sundlaug. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og samþykkt.
Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána. Ný gjaldskrá tekur gildi 1. janúar 2022
 7. **Gjaldskrá fyrir félagsheimilið 2022.**
Oddviti lagði fram tillögu að 3% hækkun á gjaldskrá fyrir Félagsheimilið. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá atvinnu-, ferða- og menningarnefnd og samþykkt.
Sveitarstjórn samþykkir tillögunu. Ný gjaldskrá tekur gildi 1. janúar 2022.
 8. **Gjaldskrá mótuneytis og skólavistunar 2022.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir mótuneyti Flúðaskóla, Undralands, Heimalands og skóladagheimilis en þar er gert ráð fyrir 3% hækkun á gjaldskrá. Gert er ráð fyrir að verð á hressingu í Flúðaskóla hækki úr kr. 83 í kr. 86 og skólamáltíð hækki úr kr. 390 í kr. 402 fyrir börn og starfsfólk sveitarfélagsins. Í leikskólanum Undralandi hækki gjald fyrir hádegisverð úr kr. 370 í kr. 381, morgunhressing hækki úr kr. 79 í kr. 100 en innifalinn verði hafragrautur í morgunmat og síðdegishressing hækkar úr kr. 121 í kr. 125. Þá er lagt til að tímaggjald vistunar í skólaseli hækki úr kr. 353 í kr. 364, gjald fyrir máltíð úr kr. 126 í kr. 130. Máltíð vegna Heimalands og annarra hækki úr kr. 738 í kr. 760 og heimsendingargjald á hverja máltíð hækki úr kr. 200 í kr. 206 fyrir hvern skammt til eldri borgara. Tillaga að gjaldskrá hefur verið lögð fyrir skólanefnd og samþykkt.
Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána sem tekur gildi þann 1. janúar 2022.
 9. **Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2022.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir að jafnaði 6% hækkun frá síðasta ári á sorpeyðingargjaldi sem er tilkomin vegna mikillar kostnaðaraukningar við meðhöndlun og eyðingu og síðan hækkar sorphirðugjald um 3%. Sorphirðugjald íbúðarhúsa verður kr. 43.400 í stað kr. 42.100. Sorpeyðingargjald íbúðarhúsa hækkar úr kr. 26.900 í kr. 28.500, frístundahúsa verði kr. 28.200 og atvinnuhúsnæðis úr kr. 65.800 í 69.700. Sérstakt aukasorpgjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 6%. Leiga á blá- og græntunnukörum hækkar um 3%.
Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá umhverfisnefnd og samþykkt að öðru leyti en því að lagt er til að sumarhús greiði sama sorpeyðingargjald og íbúðarhús. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána með þeim breytingum sem umhverfisnefnd leggur til enda liggur fyrir að taprekstur af málaflokknum er áætlaður, þrátt fyrir gjaldskrárhækkningar, um kr. 11. millj. á árinu 2022.
 10. **Gjaldskrá Hrunaljóss 2022.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Hrunaljós fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá Hrunaljóss hækki um 3% nema tengigjöld í dreifbýli og þéttbýli verði óbreytt. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir í veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána sem tekur gildi 1. janúar 2022.

11. **Gjaldskrá vatnsveitu 2022.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir vatnsveitu. Gjaldskrá vatnsveitu vegna íbúðarhúsnæðis verði óbreytt 0,21% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 39.300 eða um 3%. Hámarksgjald á íbúðarhús hækkar í kr. 58.200 eða um 3%. Fast vatnsgjald í frístundahús hækkar um 3% og verður kr. 39.300. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignamati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Heimæðagjöld hækka um 3%. Aðrar hækkningar nema 3%. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá veitustjórn og samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

12. **Gjaldskrá fráveitu 2022.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu. Gjaldskrá vegna fráveitu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum verður óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati en hámarksgjald íbúðarhúsnæðis hækkar í kr. 58.200 eða um 3%. Þá var lagt til að hámarksgjald á atvinnuhúsnæði verði aflagt. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr. 10.500 og hækkar um 3%. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka um 3%. Aðrar hækkningar nema 3%.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá veitustjórn og samþykkt með þeim breytingum að hámarksgjald á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði hækki um 8% vegna mikilla fjárfestinga í fráveitukerfum þannig að hámarksgjald á íbúðarhúsnæði verði kr. 61.000 og á atvinnuhúsnæði kr. 237.000.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána með þeim breytingum sem veitustjórn leggur til.

13. **Gjaldskrá vegna móttöku og hreinsun á seyru.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir móttöku og hreinsun á seyru þar sem gert er ráð fyrir að móttökugjöld hækki um 3%. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá seyrustjórn vegna seyruverkefnisins og samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

14. **Álagning fjallskila 2021.**

Oddviti lagði fram tillögu um álagningu fjallskila fyrir árið 2021 þannig að álagning á landverð verði óbreytt frá árinu 2021 þannig að lögbýli greiði áfram 1,3% af landverði en gjald fyrir vertrarfóðraða kind hækki úr kr. 89 í kr. 91. Tillagan hefur verið tekin fyrir hjá landbúnaðarnefnd og samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að álagningu fjallskila fyrir árið 2021.

15. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Þátttaka og framlög til stafræns samstarfs sveitarfélaga 2022.**

Oddviti kynnti erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þátttöku og framlög til stafræns samstarfs sveitarfélaga 2022.

Sveitarstjórn samþykkir þátttöku Hrunamannahrepps í samstarfinu og að það nái til allra verkefna sem tilgreind eru en áætlaður kostnaður er kr. 695.000.

16. **Félags- og barnamálaráðuneytið: Tilnefning fulltrúa vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.**

Oddviti kynnti bréf frá Félagsmálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa vegna innleiðingafærlis laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Sveitarstjórn samþykkir að tilefna Melkorku Jónsdóttur forstöðumann Skóla- og velferðarþjónustu Arnesþings sem fulltrúa Hrunamannahrepps.

17. **Reglugerð um sjálfbæra nýtingu: Umsögn.**

Oddviti kynnti vinnu við umsögn um reglugerð um sjálfbæra nýtingu sem liggur inn í samráðsgáttinni. Málið hefur verið tekið fyrir í umhverfis- og landbúnaðarnefnd.

Meirihluti sveitarstjórnar, umhverfisnefndar og landbúnaðarnefndar leggja hér saman fram umsögn við drögum að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu:

Við tökum undir þá gagnrýni sem fram hefur komið um samráðsleysi við vinnslu á drögum reglugerðarinnar. Við teljum að vinnubrögð sem þessi séu ekki boðleg og hefði átt að senda reglugerðardrögin beint til umsagnar til sveitarfélaga og hagaðila.

Landbúnaður er ein stærsta atvinnugrein sveitarfélagsins og mun óbreytt reglugerð hafa mikil takmarkandi áhrif á þá starfsemi.

Reglugerðin er verulega óskýr og þarf að skýra hana t.d er mjög erfitt að átta sig á hvað eru tilmæli, hvað eru reglur og hvað leiðbeiningar í drögnum. Verði drögin samþykkt óbreytt höfum við miklar áhyggjur af áhrifum hennar á landnýtingu á afrétti og í byggð, og þar með alla landbúnaðarstarfsemi í sveitarfélaginu.

Til dæmis er bent á eftirfarandi atriði sem þarfnast frekari skoðunar.

Vegna 6.gr. reglugerðar og viðauka I:

- farið er fram á úttekt á beitarlandi á 5 ára fresti, ekki kemur fram hver á að bera kostnaðinn á því mati.
- Beitarland er mjög víðtækt hugtak.
- Hæðarmörk vegna sjálfbærni, geta þau haft áhrif á bæi sem eru hátt yfir sjávarmáli.
- Talað er um að nota bestu möguleg gögn hverju sinni sem er mjög loðið hugtak. Þarf þá að tryggja að gögn séu uppfærð reglulega.
- Mjög brött innleiðing, á að taka gildi strax 2021.
- Skýra þarf hvað átt er við með að nýtingarland sé að lágmarki 60% af flatarmáli beitarlands.

Vegna 7. gr. reglugerðar og viðauka II:

- Skýringar vantar á hvað átt er við með loftmengun.
- Það vantar að það komi skýrt fram hver viðmið eru með lágmarksfjarlægð frá akurlandi að vatni/ám.
- Viðauki II 4. gr.: Þarf að vera skýrt að um leiðbeiningar sé að ræða fyrir alla þá liði og tillögur sem fylgja í 4.gr og ekki sé hægt að túlka þá liði sem skilyrði.
- Lagt er til að h-liður verði feldur á brott þar sem i-liður taki á því sem þarf að ávarpa í lið h.

Tekið skal fram að ofangreindir punktar eru ekki tæmandi, heldur hluti af vangaveltum yfir þessari reglugerð.

Við gerum einnig athugasemd við að ekki liggja fyrir mat á áhrifum fyrirhugaðrar reglugerðar á fjárhag sveitarfélagsins. Í 129. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að fram fari sérstakt mat á áhrifum stjórnvaldsfyrirmæla á fjárhag sveitarfélaga og ber ráðherra ábyrgð á því að slíkt mat fari fram. Í drögnum er hvergi að finna mat á kostnaði sem sveitarfélagið þyrfti að standa undir vegna krafna um aukið eftirlit og umsagnir, nái reglugerðin fram að ganga.

Meirihluti sveitarstjórnar, umhverfisnefndar og landbúnaðarnefndar hvetur ráðherra til að byrja frá grunni vinnu við reglugerðardrögin og fá alla hagsmunaaðila að borðinu þannig að raunsæ reglugerð um sjálfbæra landnýtingu verði að veruleika.

D-listi sjálfstæðismanna og óháðra og minnihluti umhverfisnefndar og landbúnaðarnefndar bókar eftirfarandi umsögn um reglugerðardrögin:

Við lestur á drögum um sjálfbæra landnýtingu, mál nr. 184/2021 vakna upp margar spurningar. Við furðum okkur á algjöru samráðsleysi við undirbúning þessara draga og þykir okkur mjög sérstakt að ekki hafi verið unnið í samvinnu við hagaðila þ.e.a.s. sveitarfélög, landeigendur og þau hagsmunasamtök sem málið varðar. Í lögum um landgræðslu 155/2018 kemur fram í 11. gr að Landgræðslan gerir tillögur að leiðbeiningum og viðmiðum að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni. Ekki urðum við var við samráðið og ráðuneytið hafði ekki einu sinni fyrir því að senda drögin á sveitarfélögin til kynningar.

Að okkar mati skín í gegn andúð þeirra sem málið vinna á þeirri landnýtingu sem nú er stunduð. Fyrir það fyrsta er ekki annað að sjá en að Landgræðslan verði ríki í ríki sýnu, hún býr til reglur og forsendur þeirra ásamt því að framfylgja þeim og tekur í raun einhliða ákvörðun út frá því. Við vitum t.d. hver afstaða Landgræðslustjóra er á núverandi nýtingu hálendisins en hann hefur lýst því opinberlega yfir að beit á hálendi Íslands eigi að stöðva.

Þessi reglugerðardrög munu hafa, án alls vafa, talsverð útgjöld fyrir sveitarfélögin sem og landeigendur sem falla ekki undir þau viðmið sem eru sett. Hver á að standa straum af þeim kostnaði sem af hlýst við úttekt og vinnu landbótaáætlana? Það liggur fyrir að mjög margir þurfi að girða land sitt í hólf og vinna áætlanir til að reyna halda sínum rekstri áfram. Í drögnum er talað um að sveitarfélagið komi að eftirliti með beitolandi og vinni umsagnir, en eins og fyrr segir, ekkert er talað um hver beri kostnaðinn. Í 129 grein Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir

um kostnaðarmat: „Ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram.“ Ekki hafa okkur borist þessar upplýsingar, hefur slíkt mat farið fram?

Í Hrunamannahreppi er stundaður mikill og fjölbreyttur landbúnaður sem við erum ákaflega stolt af og að okkar mati er ekki annað að sjá en að reglugerðin muni hafa þar neikvæð áhrif. Einnig er margt óljóst, fyrst ber að nefna reglur eða leibeiningar. Við hvað er átt, er verið að tala um leiðbeiningar á reglum?

Mikill kostnaður bætist við gjaldalið á reikningum landnýtingaraðila. Má þar t.d. nefna geymslu búfjáráburðar, verri nýting ræktaðs lands útfrá árvatni, lindum og stöðuvötnum.

Við veltum einnig fyrir okkur hvort þessar leiðbeiningar eigi ekki frekar heima inni kennslustofnunum fremur en útgefnum reglum eins og t.d. þessi málsgrein hér: „Þjöppun jarðvegs skal forðast til að lágmarka neikvæð áhrif á byggingu jarðvegs, svo ekki tapist holrýmd eða loftun jarðvegs, eða tap verði á jarðvegi, rof, eða hægara flæði vatns í gegnum jarðveginn sem valdið getur uppskerurýrnun og vandamálum við rótarvöxt. Ekki skal jarðvinna akra með miklum jarðraka. Lágmarka skal umferð um akur, skipuleggja skal langtíma umferðarleiðir á akri, nýta dekkjategundir og létt landbúnaðartæki til að lágmarka þjöppunaráhrif og skemmdir á uppskeru.“

Í sveitarfélaginu hefur hálendið verið nýtt til upprekstrar á sauðfé til langs tíma, þegar mest var voru um 12.000 fjár á afréttinum en nú fara um 4000 fjár á fjall og því er beit orðin mjög létt frá því sem áður var. Einnig má upplýsa að beirtími er mun skemmri en áður var. Í sveitarfélaginu er starfrækt landgræðslufélag og hefur verið unnið af miklum krafti á því sviði. Þar eru að langstærstum hluta að verki bændur í sjálfboðavinnu ásamt áhugasömum aðilum í nærsamfélaginu. Það má því draga þá ályktun að ef enn meira vald færist til ríkisstofnana eins og kemur vel fram í þessari reglugerð þá muni það starf minnka til muna og jafnvel leggjast af. Það liggur því í augum uppi að landgræðsla á afréttum almennt muni minnka verulega enda munu stofnanir hins opinbera ekki hafa það fjármagn til ráðstöfunar sem sjálfboðaliðastarfið innir af hendi. Ástæða fyrir því að þetta er nefnt eru áhyggjur okkar á að reglugerðin muni takmarka verulega eða stöðva beit á afréttinum innan skamms tíma. Það er ekki raunhæft að fara girða af fjöll og kletta, enda okkar mat að vilji sé ekki til staðar fyrir slíkum mannvirkjum á hálendi Íslands.

Við tökum svo undir margar af þeim bókunum sem hafa komið um málið og sérstaklega bókanir Bláskógabyggðar, Rangárþings ytra og Dr. Ólafs R. Dýrmundssonar.

Við leggjumst því alfarið gegn því að reglugerðin verið samþykkt og hvetjum ráðherra til að vinna hana að nýju í samráði við hagaðila.

18. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 11. nóvember nk. kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

19. Umhverfisnefnd: Fundargerð 18. fundar frá 14. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar umhverfisnefndar frá 14. október s.l. Þar var farið yfir drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

20. Umhverfisnefnd: Fundargerð 19. fundar frá 21. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar umhverfisnefndar frá 21. október s.l. Þar var farið yfir fjárhagsáætlun umhverfismála 2022 og gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs. Þá var kynnt fjárhagsáætlun og gjaldskrá vegna fráveitumála. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

21. **Skólanefnd: Fundargerð 16. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 21. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar skólanefndar frá 21. október vegna Flúðaskóla. Þar var m.a. farið var yfir drög að gjaldskrá mötuneytis og skólavistunar fyrir árið 2022 og drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022. Farið var yfir fréttir af skólatafi í Covid. Þá var samþykkt starfsáætlun fyrir Flúðaskóla 2021-2022 og skólanámskrá 2021-2022 og rætt um skólaþing sveitarfélaganna. Sveitarstjórn samþykkir starfsáætlun Flúðaskóla 2021-2022 en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
22. **Skólanefnd: Fundargerð 19. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 21. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar skólanefndar frá 21. október vegna Undralands. Á fundinum var farið yfir tillögu að gjaldskrá fyrir árið 2022 vegna mötuneytis þar sem gert var ráð fyrir 3% hækkun. Liðurinn morgunhressing hækkar þó meira þar sem aukið hefur verið við framboðið í hressingunni með því að bjóða aukalega upp á hafragraut á morgnana. Hækkunin á morgunhressingu fer því úr 79 kr./dag í 100 kr./dag.
Þá var tillaga að gjaldskrá vegna vistunargjalda 2022 tekin fyrir þar sem gert er ráð fyrir að leikskólagjöld og afsláttarkjör verði óbreytt á milli ára nema gjöld á vistun utan kjarnatíma hækki um 3% og að haustið 2022 verði fjórir elstu árgangarnir í leikskólanum gjaldfrjálsir og var tillagan samþykkt.
Þá var farið yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, skýrslu leikskólastjóra og skóladagatal 2021-2022 lagt fram og samþykkt.
Sveitarstjórn samþykkir tillögu að gjaldskrá leikskólans 2022 og breytingu á skóladagatali leikskólans fyrir 2021-2022 vegna nauðsynlegrar endurmenntunar og fræðslu fyrir starfsfólk þar sem margt nýtt starfsfólk hefur hafið störf en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
23. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 21. fundar frá 29. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar landbúnaðarnefndar frá 29. september s.l. þar sem fjallað var um breytingar á fjallskilasamþykkt og að flýta réttartímanum þannig að hann verði á sama tíma og hjá nágrannasveitarfélögunum. Réttir yrðu þá haldnar á föstudögum á tímabilinu 7.-13. september en rætt um möguleikann að senda féð fyrr á afréttinn ef féð fer fyrr heim af afréttinum á móti. Þá var rætt um tryggingar á fjallmönnum í fjallferð. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
24. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 22. fundar frá 20. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 22. fundar landbúnaðarnefndar frá 20. október þar var farið yfir álagningu fjallskila 2021 og kynnt tillaga að lögbýli greiði áfram 1,3% af landverði en gjald fyrir vetrarfóðraða kind hækki úr kr. 89 í kr. 91 sem var samþykkt. Farið var yfir fjallskilasamþykkt og drög að fjárhagsáætlun fyrir málaflokkinn 2022. Var í því sambandi fjallað um frekara viðhald á fjallaskálum. Þá var farið yfir útleigu á Leppistungum til ferðaklúbbsins 4x4 þar sem staðfest var það tilboð sem boðið var varðandi vetrarútleigu. Þá var fjallað um sjálfbæra landnýtingu og viðhald fjallvega.
Sveitarstjórn samþykkir að fyrri tillaga um útleigu á skálanum í Leppistungum til 4x4 standi óbreytt en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
25. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 15. fundar frá 18. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar lýðheilsu- og æskulýðsnefndar frá 15. október s.l. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun 2022 og kynnt tillaga að breytingum á gjaldskrá í tækjasal, íþróttahúsi og sundlaug fyrir árið 2022. Rætt var um afdrep fyrir börn á miðstigi Flúðaskóla frá skólalokum og fram að íþróttæfingum. Kom nefndin með tillögum að breytingum á opnunartíma sundlaugar. Sveitarstjórn ítekur fyrri bókun vegna gæslu barna á miðstigi en fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
26. **Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 14. fundar frá 26. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar atvinnu-, ferða- og menningarnefndar frá 26. október s.l. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun 2022 og verkefni tengd henni og gjaldskrá félagsheimilis fyrir 2022. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

27. Öldungarráð: Fundargerð 28. fundar frá 25. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 28. fundar öldungaráðs frá 25. október. Kynnt var fjárhagsáætlun 2022 og hækkun viðmiðunartekna vegna afslátts af fasteignagjöldum. Farið var yfir húsnæðismál og aðstöðu í Heimalandi, þar stendur til að laga félagsaðstöðuna á næsta ári. Þá var rætt um fund með sveitarstjórn um garðslátt og akstursþjónustu við fyrsta tækifæri. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

28. Veitustjórn: Fundargerð 31. fundar frá 1. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 31. fundar nefndarinnar frá 1. nóvember s.l. Þar var farið yfir tillögu að gjaldskrá Hitaveitu Flúða og fjárhagsáætlun fyrir 2022. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitunnar hækki um 3% og að fjárfesting ársins 2022 verði samtals 63 millj.

Þá var lögð fram gjaldskrá og fjárhagsáætlun fyrir vatnsveitu árið 2022, gjaldskrá og fjárhagsáætlun fráveitu 2022 og gjaldskrá og fjárhagsáætlun Hrunaljóss fyrir árið 2022. Einnig voru kynnt málefni vegna móttöku og hreinsun á seyru. Veitustjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögur um gjaldskrár að öðru leyti en með breytingum á gjaldskrá fráveitu og samþykkti tillögur að fjárhagsáætlum 2022. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrá og fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 vegna Hitaveitu Flúða og fjárhagsáætlun Hrunaljóss en fundargerðin er að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

29. Fundargerð 225. fundar skipulagsnefndar frá 13. október og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 6. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 225. fundar skipulagsnefndar frá 13. október s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 6. október s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 21. Hrunamannaafreittur, Kerlingarfjöll: Landvarðaskáli, deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram skipulagslýsing er varðar breytingu á deiliskipulagi fyrir Kerlingarfjöll. Í breytingunni felst að fyrirhugað er að stofna nýja lóð og reisa landvarðaskála skammt norðan Kerlingarfjallavegar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á deiliskipulagi fyrir Kerlingarfjöll til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 22. Reykjabakki, Reykjalaut: Lögbýli, deiliskipulag.

Lagt var fram nýtt deiliskipulag í landi Reykjabakka L166812 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og landbúnaðarhúsnæði.

Athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess. Í framlögðum athugasemdum vegna málsins felst að gerð er athugasemd við að ný aðkoma að svæðinu verði lögð um land Grafarbakka II spilda 1. Á þeim grunni hafnar landeigandi aðliggjandi jarðar skipulagstillögunni alfarið. Vegagerðin hafði áður gert athugasemd við að núverandi tenging að skipulagssvæðinu væri ekki fullnægjandi með tilliti til umferðaröryggis.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað. Nefndin vísar því til málsaðila að semja við landeiganda aðliggjandi lands Grafarbakki II spilda 1 um það landsvæði sem fyrirhugað er að þurfi að fara undir veg til að tengja lóð Reykjalautar við Hrunaveg með fullnægjandi hætti.

Nefndin tekur ekki undir athugasemdir landeiganda Laufskálabyggðar er varðar að notagildi og verðmæti landsins sé rýrt verulega með umræddri veglagningu. Um er að ræða um 80 metra heimreið sem gæti þá tekið til um 480 fm svæðis á túni sem er um 20.000 fm að stærð. Að mati nefndarinnar er notagildi landsins rýrt með óverulegum hætti en umferðaröryggi allra þeirra sem fara um Skeiða- og Hrunamannaveg og Hrunaveg stórbætt með samnýtingu tenginga. Sé horft til heildarhagsmuna íbúa sveitarfélagsins ítrekar skipulagsnefnd þá ósk að hlutaðeigandi umsækjandi og Laufskálar ehf. semji um málið sín á milli um áður en deiliskipulag svæðisins tekur gildi.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar sveitarstjórnar.

Mál nr. 24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. október s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. október s.l.

30. Fundargerð 226. fundar skipulagsnefndar frá 27. október og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 226. fundar skipulagsnefndar frá 27. október s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. október s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 22. Holt: Unnarholt land, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag að Holti L192736 í Hrunamannahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining fjögurra byggingarreita, þriggja fyrir íbúðarhús og eins fyrir útihúss. Skipulagið var samþykkt eftir auglýsingu á fundi sveitarstjórnar þann 1.7.2021. Skipulagsstofnun gerði ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Skipulagið var kært til úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála áður en auglýsing birtist í B-deild. Fallið hefur verið frá kærnu þar sem engin kærnanleg ákvörðun lá fyrir við útgáfu hennar. Út frá ítrekuðum athugasemdum vegna málsins sem að bærust vegna kærnu málsins ákvað umsækjandi að bregðast enn frekar við athugasemdum nágretta með breytingu á deiliskipulagstillögunni.

Breytingar hafa verið gerðar á auglýstum uppdrætti skipulagsins og var stærð og lögun byggingarreita breytt til að fyrirhuguð hús aðlagist betur að landslagi og þá sérstaklega með tilliti til hæðarlegu. Ennfremur var gerð sú breyting á skilmálum deiliskipulagsins að leyfileg hámarkshæð skemmu lækkar úr 7 í 6 metra þannig að hún verði minna áberandi í landslagi auk þess sem umfang hennar minnkar úr 400 í 250 fm.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Þeim sem athugasemdir gerðu við skipulagið verði kynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Vísað er til fyrri bókana vegna málsins frá skipulagsnefnd þann 23.6.2021 og sveitarstjórn þann 1.7.2021 er varðar svör við athugasemdum nágretta. Skipulagsnefnd telur að breytingar sem að gerðar hafa verið á skipulagsgögnum eftir auglýsingu séu ekki með þeim hætti að auglýsa þurfi skipulagið á nýjan leik eða óska eftir nýrri afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Þeim sem athugasemdir gerðu við skipulagið verði kynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Vísað er til fyrri bókana vegna málsins frá sveitarstjórn þann 1.7.2021 er varðar svör við athugasemdum nágretta. Sveitarstjórn telur að breytingar sem að gerðar hafa verið á skipulagsgögnum eftir auglýsingu séu ekki með þeim hætti að auglýsa þurfi skipulagið á nýjan leik eða óska eftir nýrri afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 23. Sunnuhlíð spilda: Árbær 3 og 4, Langitangi, stofnun lóða.

Lögð var fram yfirlitsmynd með hugmyndum af götuheitum innan skipulagssvæðis í landi Sunnuhlíðar spildu L211195 í framhaldi af athugasemd þjóðskrár við staðföng vegna stofnunar 2ja nýrra lóða sem er í vinnslu, Árbær 3 og Árbær 4. Lóðirnar eru við skipulagða götu sem nú er lagt til að fái heitið Langitangi og viðeigandi númer. Þegar eru tvær lóðir stofnaðar við sömu götu, Árbær og Árbær 2. Fyrir liggur ósk eiganda Árbæjar L209355 að lóðin hans fái viðskeytinn Árbær við Langatanga 32.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að umræddar lóðir fái staðfangið Langitangi með viðeigandi númeringu. Ekki er gerð athugasemd við að lóðin Árbær fái staðfangið Langitangi 32 Árbær.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að umræddar lóðir fái staðfangið Langitangi með viðeigandi númeringu og gerir ekki athugasemdir við að lóðin Árbær fái staðfangið Langitangi 32 Árbær.

Mál nr. 24. Efra-Langholt: Deiliskipulag

Lögð var fram nýtt deiliskipulag í landi Efra-Langholts eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skipulagning 10 frístundalóða sem eru hver um 1 ha. Athugasemdir og umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Innan framlagðra umsagna vegna deiliskipulagsins koma fram umsagnir frá Vegagerðinni frá 25. október 2019 þar sem ekki er gerð athugasemd við tengingu svæðisins af núverandi túntengingu við Langholtsveg (341-01) í landi Efra-Langholts. Sett voru fram skilyrði er varðar sjónlengdir við gatnamót og að vegtengingar séu sem næst beint inn á veg. Deiliskipulagið tafðist í ferli á meðan breyting á aðalskipulagi var klárað fyrir svæðið. Innan nýrrar umsagnar frá Vegagerðinni, þegar deiliskipulag svæðisins er lagt fyrir að nýju til umsagnar, hafnar Vegagerðin áður samþykktri vegtengingu þar sem fjölgun tenginga hafi áhrif á umferðaröryggi. Skipulagsnefnd telur ekki forsvaranlegt að fara að nýrri umsögn Vegagerðarinnar vegna framlagðrar vegtengingar. Gengið var út frá fyrri umsögn við vinnslu skipulagsins og telur nefndin að breyting á aðkomu hefur veruleg áhrif á allar forsendur skipulagsgerðarinnar. Að sama skapi telur nefndin að umferðaröryggi sé ekki ógnað þrátt fyrir samþykkt á viðkomandi tengingu enda sé sjónlengd við afleggjarann góð til beggja handa. Skipulagsnefnd telur að bregðast þurfi við umsögn Umhverfisstofnunar innan deiliskipulagsins með ítarlegri hætti. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn að málinu verði frestað. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við skipulagshönnuð vegna framlagðra umsagna.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málinu verði frestað og skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við skipulagshönnuð vegna framlagðra umsagna.

Mál nr. 25. Ásgarður, Kerlingarfjöll: Deiliskipulag.

Lögð var fram skipulags- og matslýsing fyrir reit Fannborgar ehf. innan Kerlingarfjalla. Í gildi er deiliskipulag, Svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags af svæðinu. Samhliða er lögð fram greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna tillögu á nýju deiliskipulagi hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagnar í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að Skipulagsstofnun verði falið að leita umsagna við framlagða skipulagslýsingu samhliða umsagnarferli er varðar tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða skipulags- og matslýsingu vegna nýs deiliskipulags Ásgarðs í Kerlingarfjöllum til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða er lögð fram til kynningar tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn felur Skipulagsstofnun að leita umsagna vegna framlagðrar skipulags- og matslýsingar deiliskipulagsins samhliða umsagnarferli er varðar tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu.

Mál nr. 27. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. október s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. október s.l.

31. UTU bs.: Fundargerð 90. fundar stjórnar frá 13. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 90. fundar stjórnar UTU bs. Þar var farið yfir fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2022. Sveitarstjórn staðfestir fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir 2022.

32. UTU bs.: Fundargerð 91. fundar stjórnar frá 27. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 91. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um breytingar á samþykktum UTU bs. og farið fyrir húsnæðismál. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

33. Seyrustjórnin: Fundargerð stjórnar frá 27. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar frá 27. október s.l. Þar var farið yfir stöðu og horfur á hreinsun rotþróa á þessu ári. Kynnt var fjárhagsáætlun 2022 og gjaldskrá Seyrustaða. Þá var farið yfir umsókn um endurgreiðslu á fráveituframkvæmdum vegna Seyrustaða til Umhverfissráðuneytisins sem gætu numið kr. 11 milljónum, tilraunaverkefni og vígslu húsnæðis að Seyrustöðum. Sveitarstjórn staðfestir fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Kynningarmál:

a. Hringtorg gatnagerð. Verkfundargerð 11-12. fundar.

Lagt fram til kynningar.

b. Gröf gatnagerð. Verkfundargerð 13-14. fundar.

Lagt fram til kynningar.

c. Kópsvatn–Garðastígur. Verkfundargerð 4-5. fundar.

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

d. Skólaþing sveitarfélaganna 8. nóvember n.k.

Lagt fram til kynningar.

e. Aðalfundur Bergrisans 9. nóvember n.k.

Lagt fram til kynningar.

f. Aðalfundur UTU bs. miðvikudaginn 10. nóvember n.k.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:30.